

Fimmtudaginn 22. desember 1977.

Nr. 236/1976. **Bjarni Helgason**
Björn Stefánsson
Hreggviður Jónsson
Jónatan Þórmundsson
Ólafur Ingólfsson
Stefán Skarphéðinsson
Unnar Stefánsson
Þorsteinn Sæmundsson
Þorvaldur Búason
Þór Vilhjálmsson
Ragnar Ingimarsson og
Valdimar J. Magnússon
 (Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
 gegn
Helga Sæmundssyni
 (Hrafnkell Ásgeirsson hrl.).

Ærumeiðingar. Sýknað af refsikröfu. Ómerking ummæla. Kröfu um miskabætur synjað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma sem varadómarar í Hæstarétti Halldór Þorbjörnsson yfirsakadómari, Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður, Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður, Unnsteyn Beck borgarfógeti og Þorsteinn Thorarensen borgararfógeti.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, útgefinni 17. desember 1976, og gert þær dómkröfur:

1. að ummæli þau, sem stefnt er út af í málinu, verði dæmd dauð og ómerk,
2. að stefndi verði dæmdur í hæfilega refsingu fyrir ummælin,
3. að stefndi verði dæmdur til að greiða hverjum áfrýjenda miskabætur að fjárhæð 50.000 krónur með 9% ársvöxtum frá 1. febrúar 1974 til greiðsludags,
4. að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjendum sam-

eiginlega 25.000 krónur í kostnað við birtingu væntanlegs dóms í opinberum blöðum,

5. að stefndi verði dæmdur til að sjá um birtingu væntanlegs dóms í 1. eða 2. tölublaði Alþýðublaðsins, er út kemur eftir birtingu dómsins,

6. að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjendum sameiginlega hæfilegan málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og sér verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Hin átöldu ummæli birtust í grein í 24. tbl. Alþýðublaðsins, er út kom 30. janúar 1974, undir fyrirsögninni „Þjóðar- atkvæði um herstöðvamálið!“. Greinin, sem er birt undir nafni stefnda, er ræða, sem hann flutti á fundi herstöðvarandstæðinga í Háskólabíói 27. janúar 1974.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi. Ummæli þau, sem stefnt er út af, þykja ekki fara út fyrir mörk leyfilegrar gagnrýni í umræðu um þjóðmál og verða því ekki talin refsiverðar móðganir né aðdróttanir. Ber samkvæmt því og með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms að staðfesta hann. Þá þykir rétt skv. 22. gr. laga nr. 57/1956 að ákveða, að birta skuli dóm þennan í fyrsta eða öðru tölublaði Alþýðublaðsins, sem út kemur eftir birtingu dómsins.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Birta skal dóm þennan í fyrsta eða öðru tölublaði Alþýðublaðsins, sem út kemur eftir birtingu hans.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. október 1976.

1.0.

Mál þetta, sem er meiðyrðamál, var höfðað með stefnu, birtri 21. júní 1974.

Stefnendur eru Bjarni Helgason jarðvegsfræðingur, Undralandi

2, Björn Stefánsson skrifstofustjóri, Grænuhlíð 13, Hreggviður Jónsson, Nesvegi 82, Jónatan Þórmundsson prófessor, Bræðraborgarstíg 15, Ólafur Ingólfsson, B. A., Öldugötu 5, Stefán Skarphéðinsson framkvæmdastjóri, Álíheimum 44, Unnar Stefánsson viðskiptafræðingur, Háaleitisbraut 45, Þorsteinn Sæmundsson stjarnfræðingur, Bólstaðarhlíð 14, Þorvaldur Búason eðlisfræðingur, Geitastekki 5, Þór Vilhjálmsson hæstaréttardómari, Stigahlíð 73, allir í Reykjavík, og Ragnar Ingimarsson prófessor, Mávanesi 22, og Valdimar J. Magnússon framkvæmdastjóri, Garðafliót 31, báðir í Garðahreppi.

Stefndi er Helgi Sæmundsson ritstjóri, Holtsgötu 23, Reykjavík.

Tilfni málshöfðunarinnar eru ummæli, sem birtust í grein á bls. 5 í 24. tbl. Alþýðublaðsins, er út kom 30. janúar 1974. Grein þessi ber fyrirsögnina: „Þjóðaratkvæði um herstöðvarmálið“. Stefndi er nafngreindur sem höfundur greinarinnar.

2.0.

Um miðjan janúarmánuð 1974 efndu nokkrir menn til samvinnu undir kjörorðinu „VARIÐ LAND“. Áttu þarna hlut að allir stefnendur máls þessa auk lögmannanna Harðar Einarsonar hæstaréttarlögmanns og Óttars Yngvasonar hæstaréttarlögmanns. Á vegum þessara manna var undirbúin söfnun undirskrifta til að mótmæla kröfum um uppsögn varnarsamnings milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkjanna á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins frá 5. maí 1951 og um brottvísun herliðs Bandaríkjanna af Íslandi. Var öllum íslenskum þegnum, er náð höfðu tvítugs aldri 1. mars 1974, boðið að undirrita svohljóðandi yfirlýsingu:

„Við undirrituð skorum á ríkisstjórn og Alþingi að standa vörð um öryggi og sjálfstæði íslensku þjóðarinnar með því að treysta samstarfið innan Atlantshafsbandalagsins, en leggja á hilluna ótímabær áform um uppsögn varnarsamningsins við Bandaríkin og brottvísun varnarliðsins.“

Stefnendur unnu síðan að því að fá menn til að undirrita þessa yfirlýsingu, og voru undirskriftalistarnir afhentir forsætisráðherra og forseta sameinaðs Alþingis að undirskriftasöfnuninni lokinni síðari hluta marsmánaðar 1974.

Á fundi um herstöðvarmálið 27. janúar 1974 flutti stefndi ræðu, sem síðan var birt sem grein í Alþýðublaðinu, eins og að framan greinir, með leyfi ræðumanns.

Stefnendur telja eftirtalin ummæli í greininni meiðandi fyrir sig:

1. „ fundarsköpum síðaðra manna“
2. „Málfar á plaggi þessu er áróðurskennt og orðalagið óíslenskulegt en kemur upp um eðli og tilgang samtakanna“
3. „ Hér virðast því mun fremur hafðir í huga erlendir hagsmunir en þrifnaður ættjarðarinnar.“
4. „Eru þetta umskiptingar?“
5. „Myndi hyggilegt að fela þessum mönnum að ráða málum þjóðarinnar og stjórna landinu?
Nei, nei. Þá yrði manni raun að því að vera Íslendingur. Gera þessir menn sér ljóst hvað þeir eru að aðhafast og hverjum þeir þjóna með undirskriftasöfnun sinni?
Já, já. Fyrirgefum þeim ekki því þeir vita hvað þeir gera.“
6. „Nú er komin til sögu á Íslandi ný manngerð sem gæti kallast amrískir Íslendingar. Þeir vilja vera miklu amrískari en fjöldinn allur af frjálslyndu, skynsömu og óspilltu fólki í Bandaríkjunum.
Þvílíkt og annað eins.“

3.0.

Stefnendur gera svofelldar dómkröfur á hendur stefnda:

Að ummælin verði dæmd dauð og ómerk samkvæmt 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940.

Að stefndi verði dæmdur í þyngstu refsingu sem um getur orðið að tefla samkvæmt 234. og 235. gr. laga nr. 19/1940.

Að stefndi verði dæmdur til að greiða hverjum stefnanda miskabætur að fjárhæð 50.000.00 samkvæmt 1. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940, auk 9% ársvaxta frá 1. febrúar 1974 til greiðsludags.

Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum sameiginlega kr. 25.000.00 í kostnað við birtingu væntanlegs dóms í heild í opinberum blöðum samkvæmt 2. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940.

Að stefndi verði dæmdur samkvæmt 22. gr. laga nr. 57/1956 til að sjá um, að væntanlegur dómur í máli þessu verði birtur í heild í 1. eða 2. tölublaði Alþýðublaðsins, er út kemur eftir birtingu dómsins.

Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum sameiginlega hæfilegan málskostnað að mati dómara.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu og málskostnaðar.

ÁLIT DÓMSINS.

4.1. Almenn.

4.1.1.

Að íslenskum lögum er meginregla, að menn eigi rétt á að tjá hug sinn fyrir öðrum, jafnt í einkalífi sem opinberlega og með hvaða tjáningarhætti sem vera skal.

Í opinberum umræðum um stjórnarmálefni er þessi meginregla sérlega mikilvæg vegna þeirra lýðræðislegu stjórnarhátta, sem stjórnskipunarreglur miðast við.

Þetta sjónarmið kemur meðal annars fram í ákvæði 2. mgr. 49. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, þar sem svo er mælt fyrir, að enginn alþingismaður verði krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það, sem hann hefur sagt í þinginu, nema þingdeildin, sem í hlut á, leyfi, sbr. og 1. mgr.

Um ritfrelsi er sérstaklega fjallað í 72. gr. stjórnarskrárinnar. Þar sem svo er kveðið á, að hver maður eigi rétt á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti, en verði þó að ábyrgjast þær fyrir dómi.

Meiðyrðalöggjöfin felur í sér takmarkanir á grundvallarreglunni um tjáningarfrelsi. Þessar takmarkanir byggjast á því viðhorfi, að hagsmunir, tengdir æru manna, geti verið svo ríkir, að þeir almannahagsmunir, sem við tjáningarfrelsið eru bundnir, hljóti að víkja.

Á hinn bóginn er almennt viðurkennt, að árásir á æruna, sem væru ólögmætar eftir almennum reglum, geti verið lögmætar, ef ríkir hagsmunir liggja til grundvallar árásum.

Meðal þeirra hagsmuna, sem þannig kunna að verða metnir meir en hagsmunir æruverndar, eru hagsmunir samfélagsins. af því að umræður um opinber málefni geti farið fram í þeim mæli, sem hinar lýðræðislegu og þingræðislegu grundvallarreglur krefjast. Meðal annars er nauðsynlegt, að menn geti gagnrýnt pólitíska andstæðinga, athafnir þeirra og skoðanir að vissu marki. Ekki eru menn sammála um, hversu langt eigi að ganga í þessu efni almennt, en hér verða dómstólar að skera úr eftir málavöxtum hverju sinni. Við þetta mat verður m. a. að gæta þess, að opinberum umræðum verði ekki settar of þröngar skorður eða hlutverki fjölmiðla að því er varðar upplýsingastarfsemi og gagnrýni. Þá verður að hafa í huga eðli umræðunnar og tjáningarvenjur og gæta þess, að ef ummæli eigi að teljast ósaknæm, verða menn almennt að virða almennar velsæmiskröfur og tjá sig málefnalega.

4.1.2.

Frumrætur þeirra deilna og átaka, sem orðið hafa um dvöl erlendra herja í landinu, má rekja til hernámsins 1940 og komu bandarískis herliðs til landsins 1941. Upphaflega byggðist hersetan í landinu á valdbeitingu Bretá, en síðan á samningum Íslands og Bandaríkjá Norður-Ameríku, fyrst hervarnarsamningum 1941, síðan Keflavíkursamningnum 1946 og loks Norður-Atlantshafs-samningnum 1949 og varnarsamningnum 1951.

Erlent herlið hefur nú dvalist í landinu síðan 1940 að undanskildum árunum 1947—1951, þegar bandarískt einkafyrirtæki annaðist þá starfsemi á Keflavíkurflugvelli, sem Bandaríkjamenn töldu nauðsynlega af hernaðarástæðum.

Segja má, að þjóðareining hafi ríkt í afstöðunni til hernáms Bretá, til þeirra skilyrða fyrir hersetu Bandaríkjamanna 1941, að þeir yrðu á brott með her sinn að stríði loknu, og til umleitunar Bandaríkjamanna um herstöðvar til 99 ára 1945. Hins vegar leiddi samþykkt Keflavíkursamningsins 1946 til harðra deilna og stjórnarslita. Sjálfstæðisflokkurinn stóð óskiptur að samþykktinni, en Sócialistaflokkurinn stóð óskiptur á móti og rauf stjórnarsamstarfið við Alþýðuflokkinn og Sjálfstæðisflokkinn. Alþýðuflokkurinn og Framsóknarflokkurinn klofnuðu í afstöðu til málsins.

Innganga Íslands í Atlantshafsbandalagið 1949 leiddi til einhverra alvarlegustu átaka, sem orðið hafa í landinu, og afstaða stjórnmalaflokkanna varð með líkum hætti og 1946. Hins vegar stóðu þingflokkar Framsóknarflokksins og Alþýðuflokksins óklofnir að varnarsamningnum 1951, en fljótlega kom í ljós, að andstöðu við samninginn gætti víðar en í Sócialistaflokknum. Má segja, að þessi samningur hafi verið eitt aðalátakamálið í íslenskum stjórnmalum síðan.

Árið 1956 var samþykkt tillaga Alþýðuflokksmanna á Alþingi um, að varnarsamningurinn frá 1951 yrði endurskoðaður með það fyrir augum, að herlið Bandaríkjamanna færi af landinu, en Íslendingar tækju að sér gæslu og viðhald hernaðarmannvirkja. Að samþykkt þessari stóðu allir þingmenn aðrir en þingmenn Sjálfstæðisflokksins. Hún var svo eitt af stefnumálum ríkisstjórnar Framsóknarflokksins og Alþýðubandalagsins og Alþýðuflokksins, sem mynduð var 1956. Svo fór þó, að fallið var frá því að koma þessu stefnumáli í framkvæmd.

Árið 1971 varð það síðan eitt af stefnumálum ríkisstjórnar Framsóknarflokksins, Alþýðubandalagsins og Samtaka frjálslyndra og vinstri manna, að herliðið færi úr landi í áföngum.

Sjálfstæðismenn og Alþýðuflokkurinn voru andvígir þessari stefnu.

Bandaríkjamenn telja sér aðstöðuna á Keflavíkurflugvelli mjög mikilvæga, einkum vegna umsvifa sovéska flotans á Norður-Atlantshafi. Önnur ríki Atlantshafsbandalagsins munu og telja aðstöðuna mikilvæga öryggishagsmunum sínum.

Afstaðan til hersetunnar hefur haft veruleg áhrif á flokkaskipun, en einnig leitt til deilna og klofnings innan stjórnmalaflokka. Hugmyndir manna um þjóðerni, ættjörð, sjálfstæði og fullveldi hafa blandast inn í þetta mál. Efnahagslegir hagsmunir hafa haft sitt að segja um afstöðu. Afstaða til andstæðra stórvelda og mismunandi grundvallarviðhorf í stjórnarfars- og hagskipunarmálum hafa mótað afstöðu margra. Sterkar tilfinningar andúðar eða samkenndar hafa mótað umræður um þessi mál.

4.1.3.

Af því, sem að framan er rakið, má ljóst vera, að undirskriftasöfnun stefnenda var þátttaka í stjórnmalastarfsemi, sem varðaði mikilvæg innanríkismál og alþjóðastórmál. Þau viðhorf, sem hafa verið rakin hér að framan um málfrelsi á sviði stjórn mála, eiga því við andóf gegn undirskriftasöfnun stefnenda og gagnrýni á hana.

Umræður um herstöðvarmálin hafa oft verið óvægar og stóryrtar og einkennst af tilfinningahita. Þegar hin umstefndu ummæli eru virt í þessu ljósi, má segja um þau almennt, að þau verða engan veginn talin með því stóryrtasta eða illyrtasta, sem fram hefur komið í þessum umræðum. Eigi að síður ber að hafa í huga, að þótt mönnum hafi haldist uppi órefsað að viðhafa fjölmæli á þessu sviði vegna þess, að andstæðingarnir hafa látið undir höfuð leggjast að leita réttar síns, er ekki þar með sagt, að myndast hafi venjur um talsmáta, sem breyti mati á mörkum málfrelsis og æruverndar.

Á hinn bóginn virðist mega taka nokkurt tillit til þess, að stefnendur, sem sumir hverjir höfðu áður tekið þátt í stjórnmalastarfsemi og meðal annars látið hersetumálin til sín taka, máttu búast við gagnarásum af hálfu andstæðinga sinna, enda setti undirskriftasöfnunin þá í sviðsljós opinberra stjórn málaátaka.

Stefndi hélt ræðu sína, skömmu eftir að undirskriftasöfnunin hófst. Af hálfu stefnenda hefur verið látið að því liggja, að ræða stefnda hafi verið liður í ófrægingarherferð gegn þeim, sem hafi

hafist um þetta leyti. Telja verður ósannað, að ræða stefnda hafi verið þáttur í skipulögðum skrifum um stefnendur.

Stefndi ber refs- og fébótaábyrgð á efni greinarinnar skv. 2. mgr. 15. gr. laga 57/1956 um prentrétt.

4.2. EINSTÖK UMMÆLI.

Verður nú tekin afstaða til einstakra ummæla og krafna, sem gerðar eru vegna þeirra, í þeirri töluröð, sem ummælin eru rakin hér að framan og í stefnu.

1. Í ræðu stefnda kom fram, að hann telur undirskriftasöfnun stefnenda og féлага þeirra ólýðræðislega og að lýðræðislegra hefði verið, að þeir hefðu hlutast til um þjóðaratkvæðagreiðslu. Þá telur hann, að málið hefði fyrst verið „rætt samkvæmt fundarskópum siðaðra manna.“

Stefnendur telja, að hér sé verið að gera því skóna, að undirskriftasöfnunin hafi ekki farið fram að hætti siðaðra manna.

Stefndi heldur því fram, að þessum ummælum sé ekki stefnt gegn stefnendum.

Dómarinn telur með hliðsjón af þeim almennu sjónarmiðum, sem rakin eru hér að framan, að þessi ummæli fari ekki í bága við þær almennu kröfur, sem gera má til almennrar stjórnmalumræðu. Stefndi virðist hér vera að láta í ljós skoðun, sem honum er frjálst að hafa uppi, og ummælin virðast ekki vera í óhæfum búngi eða fara að öðru leyti í bága við almennar velsæmiskröfur. Verður því hvorki fallist á kröfu stefnenda um refsingu né ómerkingarkröfu.

2.—3. Færa má til sanns vegar, að yfirlýsing sú, sem stefnendur söfnuðu undirskriftum sínum undir, hafi á sér áróðursblæ, þar sem orðunum er hagað með þeim hætti, að til þess er fallið að vinna menn á band þeirra, sem að undirskriftasöfnuninni stóðu.

Frá sjónarmiði andstæðinga þeirra er slíkur áróður ef til vill ámælisverður, en frá almennu sjónarmiði verður ekki talið neitt ámælisvert að reka áróður fyrir áhugamálum sínum og vinna þannig að framgangi þeirra.

Dómarinn fær ekki séð, að málfar yfirlýsingarinnar sé sérstaklega óislenskulegt, en á hinn bóginn verður að telja, að stefnda sé fullkomlega heimilt að láta þá skoðun sína í ljós.

Stefndi lætur að því liggja, að eðli hreyfingar stefnenda sé óíslenskt og að tilgangur þeirra sé ekki að vinna fyrir íslenska hagsmuni. Þessi hugsun er síðan ljósar orðuð í ummælum nr. 3. Stefndi heldur því að vísu fram, að ummælum í 3. tölulið sé ekki beint

gegn stefnendum, en af samhenginu virðist þó vart verða annað ráðið en að átt sé við þá.

Hér virðist vera um að ræða pólitískt mat og skoðun, sem stefnda sé leyfilegt að láta í ljós samkvæmt þeim almennu sjónarmiðum, sem rakin eru hér að framan. Ummælin virðast ekki vera óhæfileg að búningi eða óviðurkvæmileg. Verður því hvorki beitt refsingu né ómerkingu þessara ummæla.

4. Hér virðist um að ræða retoriska spurningu. Stefndi svarar henni jafnharðan í ræðu sinni þannig: „Nei, nei. Þetta eru bræður okkar og systur.“

Þrátt fyrir spurningarformið virðist bera að meta þessi ummæli svo sem stefndi hefði kallað stefnendur og félagar þeirra umskiptinga, en tekið þá staðhæfingu aftur jafnóðum.

Stefndi kveður orðið umskiptingur hafa fengið almenna merkingu í nútímamáli og tákna mann, sem aðhefst annað en ætla mætti af ætt hans og uppruna. Þessi ummæli virðast fremur bera vott um kímni en vilja til að móðga. Grundvallarhugsunin virðist enn hin sama, að stefnendur þjóni erlendum hagsmunum, en ekki íslenskum, með starfsemi sinni. Eiga því við sömu rök og um ummæli nr. 2—3. Taka ber tillit til þess, að ummælin eru jafnharðan tekin aftur og þau eru viðhöfð.

Þessi ummæli virðast ekki fallin til að lækka stefnendur í álit annarra, og þau sýnast vera svo meinlaus, að ekki hafi verið ástæða til, að stefnendur tækju þau nærri sér. Þykir af þessum sökum ekki ástæða til refsingar. Hins vegar virðast ummælin vera óviðurkvæmileg, og ber því að ómerkja þau samkvæmt ákvæði 1. mgr. 241. gr. hegningarlaga nr. 19/1940.

5. Stefndi lýsir því yfir í þessum ummælum, að honum yrði raun að því að vera Íslendingur, ef stefnendur og félagar hans stjórnðu landinu. Af þessu má sjá, að stefndi er mjög andsnúinn stefnendum í stjórnámálum. Í hvaða þjóðfélagi sem er getur farið svo, að andstæður milli andstæðra stjórn málaafra verði svo miklar, að menn geti ekki hugsað til þess, að andstæðingarnir fái völdin. Í lýðræðissamfélagi er ekkert eðlilegra en að menn láti slíkt í ljós. Stefndi er hér að láta í ljós viðhorf, sem fullkomlega er eðlilegt, að hann hafi og tjái. Í síðari hluta ummælanna kemur enn fram sama sjónarmið og í ummælum nr. 2—4, og vísast til þess, sem um þau er sagt hér að framan.

Ummæli í þessum lið virðast þannig samkvæmt efnisinnihaldi sínu ekki verða heimfærð undir refsilagaákvæði, og ekki þykir búningur þeirra heldur ósæmilegur. Ummæli þessi verða ekki

talin óviðurkvæmileg í skilningi 241. gr. hegningarlaga nr. 19/1940.

6. Stefndi kveður þessum ummælum alls ekki vera beint gegn stefnendum eða öðrum aðstandendum „Varins lands“. Hann kveðst þekkja þrjá þeirra eða fjóra og segir sér aldrei mundu koma til hugar að hafa þessi orð um þá. Hann segist hafa átt við menn, sem vilji hafa her í landinu vegna eigin hagsmuna, pólitískra, fjárhagslegra o. s. frv.

Þessi ummæli eru lokaorð ræðu stefnda. Af samhenginu við það, sem sagt er næst á undan í ræðunni, verður að álykta, að bæði stefnendur, aðrir lesendur og áheyrendur muni hafa haft ástæðu til að skilja þessi ummæli þannig, að átt væri m. a. við stefnendur, enda er augljóslega sama grundvallarhugsun í þessum ummælum og þeim fyrri, og þeir, sem um er rætt, þjóni erlendum hagsmunum, nánar tiltekið bandarískum.

Sú skoðun hefur víða komið fram, að umsvif Bandaríkjamanna og dvöl herliðs þeirra hér hafi ásamt sumum íslenskum fjölmiðlum og fleiru gert það að verkum, að margir Íslendingar beri meiri merki bandarískra áhrifa í hugsun og háttum en góðu hófi gegni. Áþekk hugsun virðist koma fram í ummælum stefnda.

Mönnum er að sjálfsögðu heimilt að setja fram slíka hugsun almennt. Meira efamál er, hvort mönnum leyfist að viðhafa slík ummæli um ákveðna menn.

Þótt sjónarmið stefnenda í herstöðvarmálinu fari saman við stefnu bandaríkjastjórnar, réttlætir það ekki, að þeir séu kallaðir „amrískir Íslendingar“. Á hinn bóginn er til þess að líta, að þessi ummæli eru viðhöfð í stjórn málaátökum, nánar tiltekið í deilu um herstöðvarmál, en einmitt af þeim sökum eru ummælin síður fallin til að særa þann, sem þau eru sögð um, eða lækka hann í álit. Á þessu sviði eru ummæli af þessu tagi tæplega tekin alvarlega. Af þessum sökum og að öðru leyti með vísan til þeirra almennu sjónarmiða, sem rakin eru hér að framan, þykir ekki vera næg ástæða til refsingar vegna þessara ummæla, hins vegar þykja þau óviðurkvæmileg, og ber því að ómerkja þau samkvæmt 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940.

Þar sem ummæli stefnda hafa samkvæmt því, sem að framan er rakið, ekki verið talin refsiverð, ber samkvæmt 264. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 að synja kröfu stefnenda um miskabætur. Af sömu ástæðum ber að hafna kröfu um fjárgreiðslu til að standast kostnað af birtingu dóms, sbr. 2. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940.

Samkvæmt 22. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt má ákveða í

dómi í máli gegn höfundu efnis í blaði, ef ummæli eru ómerkt, að tiltekinn hluti dómsins skuli birtur í blaðinu, og er þá útgefanda skylt að birta þann hluta í fyrsta tölublaði, sem út kemur eftir dómsbirtingu, og í síðasta lagi í öðru tölublaði. Virðist ekki nauðsynlegt að stefna útgefanda til að fella á hann þessa skyldu.

Samkvæmt þessu er fallist á, að birta beri upphaf dómsins aftur að 2.0 og dómsorðin í 1. eða 2. tbl. Alþýðublaðsins, sem út kemur eftir lögbirtingu dómsins.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari, setudómari í Reykjavík, kvað upp dóm þennan.

Gunnar M. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður flutti málið fyrir stefnendur, en Hrafnkell Ásgeirsson hæstaréttarlögmaður fyrir stefnda.

D ó m s o r ð :

Eftirtalin ummæli stefnda, Helga Sæmundssonar, sem birtaust í 24. tbl. Alþýðublaðsins 1974, skulu dauð og ómerk: „Eru þetta umskiptingar?“ og „Nú er komin til sögunnar á Íslandi ný manngerð, sem gæti kallast amrískir Íslendingar. Þeir vilja vera miklu amrískari en fjöldinn allur af frjálalsyndu, skynsömu og óspilltu fólki í Bandaríkjunum. Þvílíkt og annað eins.“

Birta ber úr dómi þessum upphaf hans aftur að 2.0 og dómsorðin í 1. eða 2. tbl. Alþýðublaðsins, sem út kemur eftir lögbirtingu dómsins.

Kröfur stefnenda á hendur stefnda eru að öðru leyti ekki teknar til greina.

Málskostnaður fellur niður.
